



28. apríl 2021
Tilvísun: 2104160

Dreifibréf númer: 22/2021
til fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum vegna reglugerða CRD IV/CRR

Seðlabanki Íslands hefur gefið út tvenn umræðuskjöl nr. 5 - 6/2021. Umræðuskjölin innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir um tæknilega staðla sem fylgja reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 117. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í umræðuskjali nr. 5/2021 eru drög að nýjum reglum um gagnaskil fjármálafyrirtækja, m.a. vegna eiginfjárfrafna, lausafjárhlutfalls, stórra áhættuskuldbindinga og vogunarhlutfalls. Með reglum nr. 505/2017, um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja, öðlaðist gildi framkvæmdareglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja til eftirlitsaðila, með áorðnum breytingum. Með reglum nr. 964/2017, um breytingu á reglum nr. 505/2017, voru innleiddar frekari reglugerðir (ESB) sem breyttu reglugerð (ESB) nr. 680/2014. Með hinu nýju reglum er lagt til að innleiddar verði reglugerðir (ESB) 2016/313, 2016/322, 2017/1443, 2017/2114, 2018/1627 og 2020/429 sem jafnframt breyta reglugerð (ESB) nr. 680/2014. Þar sem tvær þessara reglugerða, þ.e. reglugerðir (ESB) 2016/313 og 2016/322, varða gagnaskil í tengslum við laust fé er lagt til að settar verði nýjar reglur með víðara gildissviði en kveðið er á um í reglum nr. 505/2017.

Með gildistöku reglnanna hafa allar reglugerðir (ESB) sem breyta reglugerð (ES) nr. 680/2014 verið innleiddar hér á landi. Með reglunum verða jafnframt reglur nr. 505/2017 og 964/2017 felldar úr gildi.


Í umræðuskjali nr. 6/2021 er að finna drög að reglum um lausafjárahættu lánastofnana. Með reglunum verða innleiddar reglugerðir um tæknilega staðlar sem mæla m.a. fyrir um ýmis tæknileg atriði til að tryggja samræmdar forsendur við útreikning á lausafjárhlutfalli. Um er að ræða reglugerðir (ESB) 2015/233, 2015/2344, 2016/709, 2017/208 og 2017/1230. Sérstaklega er tekið fram að innleiðing reglugerða (ESB) 2015/233 og 2015/2344 er háð því að frumvarp um breytingar á lögum


um fjármálafyrirtæki, sem nú liggur fyrir á Alþingi, sbr. 642 mál, verði samþykkt. Þessar reglugerðir verða því innleiddar eftir að frumvarpið hefur orðið að lögum.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu bankans, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Seðlabankinn óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 12. maí nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skulu send á netfangið fme@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,


Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar


Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleiki